

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
b.t. Stellu Rúnarsdóttur
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 22. apríl 2022
UST202203-146/A.Þ.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Ásgarður - Kerlingarfjöll

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita bs. er barst 10. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Ásgarð í Kerlingarfjöllum í Hrunamannahreppi.

Svæðið sem deiliskipulagstillagan nær til er um 6 ha að stærð og er innan friðlýsta landslagsverndarsvæðisins Kerlingarfjalla. Framkvæmdir innan friðlýsta svæðisins, sem eru ekki í samræmi við deiliskipulag sem var í gildi við undirritun friðlýsingarinnar, eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. bráðabirgðaaákvæði í friðlýsingarskilmálum fyrir Kerlingarfjöll.

Umhverfisstofnun veitti umsögn um skipulags- og matslýsingu deiliskipulagsins þann 12. janúar sl.¹

Í greinargerð kemur fram að í nýja deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 156 gistirýmum fyrir gesti sem er sambærilegur fjöldi og í núverandi aðstöðu og því sem valkostur 2 í umhverfismati frá árinu 2019 gerði ráð fyrir. Með nýja deiliskipulaginu er ekki stefnt að því að fjölga gestum að ráði heldur heldur eingöngu breyta samsetningu og nýtingu gistirýma.

Í kafla 2.5.2 er fjallað um friðlýsingu Kerlingarfjalla. Umhverfisstofnun bendir á að auglýsing um friðlýsingu Kerlingarfjalla er nr. 822/2020.²

Í kafla 3.2 er tekið fram að á næstu mánuðum verði unnið að verndaráætlun fyrir svæðið. Umhverfisstofnun vill benda á að áætlunin heitir réttu nafni stjórnunar- og verndaráætlun.

Í kafla 4.5 er fjallað um sorpmál. Umhverfisstofnun telur að frekar ætti að tala um úrgang. Þá telur stofnunin að betra væri að segja að úrgangi verði skilað á „viðurkenndan móttökustað fyrir úrgang“ en „viðeigandi gámasvæði.“

Í kafla 4.7 er fjallað um uppgræðslu og frágang raskaðs svæðis. Umhverfisstofnun telur mjög mikilvægt að notaður sé staðargróður í uppgræðslu á svæðinu. Umhverfisstofnun bendir á 10. gr. friðlýsingarskilmálanna en þar segir að óheimilt sé að rækta framandi plöntutegundir, sbr. reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda. Stofnunin telur að vísa ætti í þessa grein friðlýsingarskilmálanna í kafla

¹ [Umsögn um MSF og skipulagslýsingu - Ásgarður Kerlingarfjöll undirrituð.pdf \(ust.is\)](#)

² [Auglýsing Kerlingarfjöll lokaefntak.pdf \(ust.is\)](#)

4.7 og ekki nota orðalagið að „*almennt skuli nota staðarefni*“ þar sem slíkt orðalag er of opið til túlkunar.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við ofangreinda tillögu.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Axel Benediktsson
sérfræðingur